Leikskólinn Kópasteinn



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli ... 3
2. Inngangur ... 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós ... 3
4. Mat á skólastarfi ... 3
Innra mat leikskólans ... 4
Ytra mat ... 6
5. Umbótaáætlun ... 6
6. Áherslur í starfi leikskólans ... 8
7. Þróunar- og nýbreytnistarf ... 11
8. Foreldrasamstarf ... 12
Foreldraráð ... 12
Foreldrafélag ... 12
10. Símenntunaráætlun ... 13
Skipulagsdagar ... 13
11. Aðrar upplýsingar ... 14
12. Húsnæði og lóð ... 14
Skólaárið 2025 - 2026 ... 14
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027 ... 14
13. Öryggismál ... 14
14. Lokaorð ... 15
15. Fylgigögn ... 15
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ... 15
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun ... 15
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal ... 15
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs ... 15

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum. Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2025–2026 gekk vel og var ánægjulegt hér í Kópasteini. Nýr aðstoðarleikskólastjóri hóf störf í september, sem var góð viðbót við stjórnendateymi leikskólans, og hefur samstarfið gengið afar vel. Meðal helstu verkefna ársins voru innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og móttaka viðurkenningar um að Kópasteinn væri orðinn Réttindaskóli UNICEF á Íslandi. Einnig var lóð Litla-Steins endurgerð, sem vakti mikla ánægju meðal barna og starfsfólks. Vonir standa til að á komandi skólaári verði ráðist í endurgerð lóðarinnar við Kópastein, enda er hún farin að láta verulega á sjá.

Starfsmannahald gekk að mörgu leyti vel og var staðan stöðugri en undanfarin ár. Veikindafjarvistir voru fremur litlar fyrri hluta skólaársins en jukust nokkuð þegar leið á árið. Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum í upphafi skólaárs, sem hafði áhrif á daglegt starf. Það er ávallt áskorun að taka vel á móti nýju starfsfólki og styðja við góða aðlögun þess að starfinu. Jafnframt hefur reynst erfitt að manna lausar stöður með kennaramenntuðu starfsfólki. Á undanförnum árum hefur orlofstaka starfsfólks dreifst meira yfir allt árið, sem gerir skipulagningu mönnunar flóknari. Innleiðing betri vinnutíma og vinnustyttingar gekk þó betur en undanfarin ár. Þrátt fyrir það hefur minni viðvera starfsfólks áhrif á daglegt starf og kallar á aukinn sveigjanleika í skipulagi.

Við hlökkum til að takast á við þau verkefni og þær áskoranir sem bíða okkar á komandi skólaári og göngum bjartsýn og metnaðarfull inn í skólaárið 2026–2027.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Í leikskólanum er starfað í samræmi við lög um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Kópasteins. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri, óháð atgervi, uppruna, tungumáli eða menningarlegum bakgrunni. Fjölbreytileiki í barnahópnum er metinn að verðleikum og talinn mikilvægur styrkleiki fyrir allt skólasamfélagið. Meginmarkmið leikskólastarfsins er að stuðla að vellíðan, öryggi og alhliða þroska barna í nánu samstarfi við foreldra. Leitast er við að efla sjálfsmynd barna, sjálfstæði, frumkvæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

og ábyrgð með því að skapa jákvætt, öruggt og styðjandi námsumhverfi þar sem hvert barn fær að njóta sín á eigin forsendum.

Lögð er rík áhersla á uppeldisstarf sem styður við nám, leik og félagslegan þroska. Leikurinn er í hjarta alls starfsins og er bæði meginnámsleið og þroskaleið barna. Í gegnum leik og skipulagt námsstarf er unnið markvisst með málörvun, læsi, sjálfbærni, sköpun, tónlist, lífsleikni og jákvæð samskipti. Umhverfið gegnir lykilhlutverki í námi barna og er nýtt með meðvituðum hætti sem hluti af leik þeirra, námi og daglegri reynslu.

Sjálfsprottinn leikur fær ríkt rými í daglegu starfi. Valkerfi er nýtt á frjálsum leiktímum á eldri deildum þar sem börn hafa aðgang að fjölbreyttum efniviði og verkefnum sem styðja við skapandi, sjálfstæðan og innihaldsríkan leik. Með því fá börnin tækifæri til að velja út frá eigin áhuga og taka virkan þátt í eigin námi. Daglegar samverustundir eru fastur liður á öllum deildum. Þar er lesið, sungið, spjallað og unnið með ýmis viðfangsefni sem tengjast áhugasviði barna og daglegu lífi þeirra. Börnunum gefst tækifæri til að tjá skoðanir sínar, miðla hugmyndum og æfa sig í virkum samskiptum við aðra.

Vellíðan barna er grunnforsenda náms og þroska. Lögð er áhersla á að skapa öruggt, hlýlegt og uppbyggilegt umhverfi þar sem hvert barn upplifir sig metið, virt og mikilvægan þátt í samfélagi leikskólans. Unnið er markvisst að því að efla félagsfærni, sjálfstraust, sjálfsmynd og tilfinningalæsi, auk þess sem brugðist er við þörfum barna í samstarfi við foreldra og aðra fagaðila þegar þörf krefur. Sem Réttindaskóli UNICEF á Íslandi leggur Kópasteinn sérstaka áherslu á réttindi barna, lýðræðislega þátttöku og virðingu í öllum samskiptum. Leitast er við að gera börnum kleift að hafa áhrif á eigið nám og daglegt starf leikskólans, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Kópasteins eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans á að sjá um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Innra mat skólaárið 2025 – 2026. Allar deildir fylltu út gátlista um læsi og samskipti. Annað innra mat var ekki unnið í leikskólanum þetta skólaárið.

Matsteymi: er því miður ekki enn til staðar en búið er að setja á dagskrá í september 2026 að setja á stofn matsteymi og verklag vegna mats í leikskólanum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Læsi og samskipti 2025 – 2026 var lagt fyrir á öllu deildum leiksólans út frá aldri barnanna

Skólaárið 2025–2026 var innra mat með áherslu á læsi og samskipti lagt fyrir á öllum deildum leikskólans með hliðsjón af aldri og þroska barnanna. Niðurstöður innra mats sýna að markvisst er unnið með læsi, málþroska og samskipti allt frá eins árs aldri til leikskólaloka. Börnum eru búin fjölbreytt tækifæri til að efla orðaforða, tjáningu, hlustun, félagsfærni og læsisvitund í gegnum leik, samverustundir, bækur, söng og dagleg samskipti.

Helstu styrkleikar starfsins eru:

- Gott aðgengi að bókum og læsishvetjandi efniviði.
- Markviss málörvun í daglegum aðstæðum.
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti barna og fullorðinna.
- Hlýlegar móttökur og öflugt samstarf við foreldra.
- Virk samvinna barna.
- Markviss notkun söngva, sagna, þula og bókalesturs.
- Jákvætt viðhorf til fjölbreytileika og fjöltyngis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Mat barna

Mat barna var framkvæmt sem hluti af innleiðingu Réttindaskóla UNICEF. Lögð voru fyrir stöðumat og öryggiskönnun meðal tveggja elstu árganga leikskólans með það að markmiði að fá fram sjónarmið barna um líðan, þátttöku og öryggi. Stöðumatið var framkvæmt með einstaklingsviðtölum þar sem notast var við einfaldar spurningar og sjónrænan stuðning í formi broskarla. Niðurstöðurnar sýndu að börnum líður almennt vel í leikskólanum. Jafnframt komu fram ákveðin atriði sem vert er að skoða nánar, meðal annars varðandi líðan í útiveru og á salernum.
Öryggiskönnunin var framkvæmd með hliðsjón af aldri barnanna. Yngri börn tóku þátt í samverustundum en elstu börnin svöruðu könnuninni með aðstoð foreldra sinna. Niðurstöðurnar sýndu að börnin upplifa almennt öryggi í leikskólanum og líður vel í flestum rýmum hans. Þó komu fram einstakar athugasemdir um hávaða og óskir um breytingar á ákveðnum svæðum. Þátttaka elstu barnanna var takmörkuð en þær upplýsingar sem fengust voru gagnlegar og nýtast í áframhaldandi umbótastarfi.

EFI-2 og Hljóm-2,

EFI-2 og HLJÓM-2 skimunarpróf voru lögð fyrir samkvæmt áætlun. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum. Ef niðurstöður gefa tilefni til er gripið til viðeigandi úrræða, svo sem markvissrar málörvunar hjá kennurum eða vísað áfram til viðeigandi sérfræðinga í samráði við foreldra.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Vinnustaðagreining meðal starfsfólks vorið 2026

Vinnustaðagreining var lögð fyrir starfsfólk leikskólans vorið 2026. Alls tóku 24 af 33 starfsmönnum þátt í könnuninni, eða 72,7%, sem gefur góða vísbendingu um líðan, viðhorf og upplifun starfsfólks af vinnuumhverfi sínu. Niðurstöðurnar sýna að starfsfólk metur samstarf, stjórnun og faglegt umhverfi leikskólans jákvætt.

- Næsti yfirmaður mælist með einkunnina 8,5, sem bendir til trausts og góðra samskipta.
- Samstarf mælist 8,1 og starfsmannasamtöl 8,2.
- Ímynd vinnustaðarins hækkar úr 7,8 í 8,1 milli ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Starfsþróun hækkar mest, úr 7,1 í 7,6, sem gefur til kynna að starfsfólk upplifi aukin tækifæri til faglegrar þróunar.

Nokkrir þættir kalla á frekari skoðun og umbætur. Mesta athygli vekur lækkun í þættinum hollusta, sem fer úr 9,2 í 8,5. Þrátt fyrir að niðurstaðan sé enn há gefur breytingin tilefni til umræðu um starfsanda, álag, breytingaþreytu og þátttöku starfsfólks í þróun starfseminnar.

Einnig má sjá:
- Lítillega lækkun í starfsánægju sem mælist 7,0.
- Starfsskilyrði mælast lægst allra þátta eða 6,6.
- Þátturinn starfið lækkar úr 8,4 í 8,0, sem getur bent til aukins álags eða breyttra verkefna.

Heildarmynd vinnustaðagreiningarinnar er jákvæð. Flestir lykilþættir mælast háir og nokkrir hafa hækkað milli ára. Umbótatækifærin felast fyrst og fremst í því að efla starfsánægju, bæta starfsskilyrði og greina betur þá þætti sem kunna að hafa áhrif á hollustu starfsfólks.

Skólapúlsinn meðal foreldra vorið 2026

Vorið 2026 var lögð fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins þar sem kannað var viðhorf foreldra til starfsemi leikskólans, námsumhverfis, samskipta og þjónustu. Niðurstöðurnar sýna að leikskólinn stendur traustum fótum á mörgum sviðum og að foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starfsemina.
- Stjórnun leikskólans mælist mjög sterk með 98,5% ánægju, sem er yfir landsmeðaltali.
- Almenn ánægja með leikskólann mælist 93,3%.
- Tengsl foreldra og starfsfólks mælast mjög góð, eða 92,1%.
- Vinnubrögð og þátttaka án aðgreiningar mælast vel.
- Húsnæði og aðstaða eru metin jákvætt og á pari við landsmeðaltal.

Niðurstöðurnar benda til þess að fagmennska starfsfólks, jákvæð samskipti og öflugt daglegt starf séu meðal helstu styrkleika leikskólans.

Atriði sem þarf að skoða nánar eru:
- Auka og einfalda upplýsingamiðlun til foreldra.
- Kynna betur stefnu, nám og daglegt starf.
- Endurskoða matarframboð.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit heimsótti ekki leikskólann á skólaárinu 2025–2026.

Vinnueftirlit

Vinnueftirlitið kom ekki í heimsókn í leikskólann á skólaárinu 2025–2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Eldvarnareftirlit

Reglulegt eldvarnaeftirlit er í höndum Gunnars húsumsjónarmanns sem framkvæmir mánaðarlegar yfirferðir á húsnæði leikskólans og skráir niðurstöður. Komi fram atriði sem þarfnast úrbóta sér hann um að koma þeim í viðeigandi farveg eða lagfæra þau eftir því sem við á. Auk þess sinnir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins árlegu eftirliti og fulltrúi frá Öryggismiðstöðinni yfirfer slökkvitæki leikskólans árlega.

Öryggiseftirlit lóða

Öryggiseftirlit leikskólalóða er í höndum BÍS, sem annast reglubundnar úttektir á leiksvæðum og útileiktækjum. Niðurstöður úttektanna eru nýttar til að tryggja öryggi barna og viðhald leiksvæða. Friðrik Baldursson garðyrkjustóri sér um að koma því til leiða.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Kópasteini er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Leikskólinn Kópasteinn varð Réttindaskóli UNICEF á Íslandi og tók formlega á móti fána og viðurkenningu 16. júní 2026. Verkefnastjóri var ráðinn til að leiða verkefnið og ber aðstoðarleikskólastjóri ábyrgð á því í samstarfi við verkefnastjóra. Á skólaárinu 2026–2027 verður unnið markvisst að áframhaldandi innleiðingu réttindafræðslu í daglegt starf leikskólans. Unnin hefur verið mánaðarleg áætlun þar sem tekin eru fyrir ákveðin réttindi barna, greinar Barnasáttmálans og fjölbreytt verkefni tengd þeim. Hver deild aðlagar verkefnin að aldri og þroska barnanna og tengir þau leik, samskiptum, sköpun og daglegum verkefnum. Markmiðið er að börn kynnist réttindum sínum, læri að tjá skoðanir sínar og taki virkan þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra í leikskólanum. Áhersla verður lögð á að börn upplifi öryggi, virðingu, þátttöku og jafnræði í öllu starfi skólans. Reglulega verður fjallað um Barnasáttmálann á skipulagsdögum og réttindastarfið metið í lok skólaárs með þátttöku barna og starfsfólks.

Ýmis verkefni innan leikskólans endurspegla nú þegar grunngildi Barnasáttmálans. Þar má meðal annars nefna vinnu með námsefnið Blær**,** þar sem áhersla er lögð á virðingu, jafnrétti, fjölskyldutengsl, fjölbreytileika og jákvæða sjálfsmynd. Einnig er unnið með sjálfbærni þar sem börn læra að draga úr sóun, endurnýta efnivið og bera virðingu fyrir náttúru.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Okkar Skóli

Okkar skóli hefur verið unnið með elstu börnunum sem velja leikefnið eða annan búnað sem á að vera fyrir alla í leikskólanum. Í gegnum samræður og umræður velta þau fyrir sér þörfum ólíkra aldurshópa, hvaða búnaður hentar best og hvernig tryggja megi að sem flest börn geti notið hans. Börnin koma með hugmyndir, kynna þær fyrir hópnum og taka þátt í lýðræðislegri kosningu þar sem valið er á milli tillagna. Að jafnaði er sá kostur sem fær mestan stuðning keyptur fyrir leikskólann.

Heilbrigði og vellíðan

Máltíðir eru mikilvægur hluti af daglegu starfi leikskólans og fara fram í notalegu og rólegu umhverfi. Þar gefast tækifæri til samveru, samræðna og félagslegs náms. Jafnframt leggjum við áherslu á að kenna góðar hreinlætisvenjur, efla grunnþekkingu barna á líkama sínum og stuðla að virðingu fyrir eigin mörkum og mörkum annarra. Hvíld og ró eru órjúfanlegur þáttur í daglegu starfi leikskólans. Hvíldartími gefur börnum tækifæri til endurnæringar og stuðlar að aukinni vellíðan og jafnvægi yfir daginn. Dagleg útivera er mikilvægur þáttur í starfinu og gefur börnum fjölbreytt tækifæri til hreyfingar, leikja og upplifana í náttúrunni. Í útileik læra börn jafnframt að taka frumkvæði, efla sjálfstæði sitt og finna leiðir til að leysa úr ágreiningi í samskiptum við önnur börn. Við leggjum áherslu á að efla heilsu og vellíðan barna með því að stuðla að heilbrigðum lífsstíl þar sem hollt mataræði, hreinlæti, hvíld og hreyfing skipa mikilvægan sess. Börn læra í gegnum leik og daglegt starf þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti, samvinnu, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og að efla sjálfsmynd þeirra og félagsfærni.

Áætlun um læsisstefnu

Í Kópasteini er lögð rík áhersla á málörvun og læsi í daglegu starfi. Sögulestur, söngur, vísur og samræður eru mikilvægir þættir í starfinu og gefa börnum tækifæri til að auka orðaforða sinn, efla málskilning og njóta tungumálsins. Við lestur og söng er staldrað við ný og krefjandi orð sem eru útskýrð og rædd með börnunum. Til að lífga upp á sögur og söng eru meðal annars notaðir leikmunir, myndir, tússtöflur og önnur sjónræn hjálpargögn. Á öllum deildum leikskólans er unnið markvisst með námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Með því er lögð áhersla á að efla hljóðkerfisvitund barna og auka meðvitund þeirra um mál og hljóð, bæði í skipulögðum samverustundum og í daglegum athöfnum.

Læsi er sýnilegt í umhverfi leikskólans. Á veggjum má finna bókstafi, rímmyndir, samsett orð og annað efni sem vekur áhuga barna á ritmálinu. Á eldri deildum hafa börnin meðal annars aðgang að nafnspjöldum sem þau nota þegar þau æfa sig að skrifa eigið nafn. Einnig eru vísur og annað lesefni sett fram á aðgengilegan hátt til að hvetja börn til að skoða, lesa og læra. Eldri börn fara reglulega í gönguferðir þar sem læsistækifæri eru nýtt á fjölbreyttan hátt. Þar eru lesin skilti, húsnúmer og önnur tákn úr nærumhverfinu, auk þess sem rætt er um það sem verður á vegi barnanna, svo sem dýr, farartæki, gróður og veður. Þannig tengist mál og læsi raunverulegum aðstæðum og reynsluheimi barnanna. Í leikskólanum er einnig að finna fjölbreytt læsishvetjandi leikefni, svo sem stafapúsl, bókstafi og önnur verkefni sem vekja áhuga barna á tungumáli, bókstöfum og ritmáli.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Starf leikskólans byggir á læsisstefnu leik- og grunnskóla Kópavogsbæjar og er unnið í samræmi við þau markmið sem þar eru sett fram um máltöku, málörvun og læsi barna.

Viðmið um málstefnu

Í Kópasteini er íslenska skólamál leikskólans og lögð er áhersla á að skapa málörvandi umhverfi þar sem börn fá fjölbreytt tækifæri til að hlusta, tjá sig og taka þátt í samtölum. Markvisst er unnið að því að efla íslenskan orðaforða barna, málskilning og samskiptafærni í leik og daglegu starfi. Leikskólinn vinnur samkvæmt málstefnu sem hefur verið mótuð fyrir starfið. Áhersla verður lögð á að gera málstefnuna sýnilegri í skólasamfélaginu, kynna hana fyrir starfsfólki og foreldrum og tryggja að hún sé aðgengileg öllum. Jafnframt er mikilvægt að íslenska sé sameiginlegt samskiptamál í starfsemi leikskólans. Við leggjum því áherslu á að efla notkun íslensku í samskiptum við börn, starfsfólk og foreldra, bæði í töluðu og rituðu máli Á skólaárinu verður sérstaklega horft til þess að auka notkun íslensku í upplýsingagjöf til foreldra og í daglegum samskiptum við þau.

Nýjar áherslur í aðalnámskrá

Áfram verður unnið að innleiðingu nýrra áherslna í Aðalnámskrá leikskóla og að tengja þær við skólanámskrá leikskólans. Kópasteinn hefur um árabil lagt ríka áherslu á sjálfsprottinn leik og mikilvægi hans í námi og þroska barna. Markmiðið er að styrkja þá sýn enn frekar og gera hana sýnilegri í skipulagi og starfsháttum skólans.

Endurskoðun skólanámskrár

Endurskoðun skólanámskrár hefur gengið hægar en stefnt var að. Á síðasta skólaári tóku allir starfsmenn þátt í umræðum og ígrundun um námsvið Aðalnámskrár leikskóla og hafa þau gögn verið nýtt sem grunnur að áframhaldandi vinnu. Á skólaárinu 2026–2027 verður lögð aukin áhersla á að ljúka þessari vinnu og uppfæra skólanámskrá í samræmi við nýjustu áherslur í leikskólastarfi, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og farsæld barna.

Hæfnirammar í íslensku

Með fjölgun barna af fjölbreyttum tungumála- og menningarbakgrunni hefur orðið enn mikilvægara að nýta markvisst hæfniramma í íslensku. Um 40% barna leikskólans hafa fjölbreyttan tungumála- eða menningarbakgrunn og því er mikilvægt að skapa sameiginlegan grunn fyrir mat og stuðning við málþróun þeirra. Vinna við innleiðingu hæfnirammanna hefur hafist en nauðsynlegt er að efla hana á komandi skólaári. Starfsfólk hefur fengið kynningu á þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Kópahvoli og verður sú reynsla nýtt við áframhaldandi innleiðingu. Leikskólinn hefur þróað góða verkferla við móttöku nýrra barna og fjölskyldna. Við upphaf leikskólagöngu fara leikskólastjóri og deildarstjóri í viðtal við foreldra þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og aflað upplýsinga um barnið. Þegar þörf krefur er nýtt túlkaþjónusta. Á skólaárinu 2026–2027 verður unnið að því að skrá þessa verkferla betur, gera þá sýnilegri og styðjast markvissar við Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Farsældin

Farsæld barna er leiðarljós í öllu starfi leikskólans. Áfram verður unnið að því að efla þekkingu starfsfólks á farsældarlögunum og samþætta hugmyndafræði farsældar í daglegt starf. Áhersla verður lögð á snemmtækan stuðning, þverfaglegt samstarf og samráð við foreldra með það að markmiði að mæta þörfum barna sem fyrst.

Lausnarteymi

Lausnarteymi leikskólans gegnir mikilvægu hlutverki við að greina þarfir barna og finna leiðir til stuðnings. Í teyminu sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri þeirrar deildar sem málið varðar. Starf lausnarteymisins hefur gengið vel og reynst mikilvægt verkfæri til samráðs og faglegra ákvarðana. Áfram verður lögð áhersla á skýra verkferla, snemmtæka íhlutun og gott samstarf við foreldra og fagaðila á komandi skólaári.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Áfram verður unnið samkvæmt breyttu fyrirkomulagi varðandi málörvun allra barna í leikskólanum. Tveir leikskólakennarar í samtals 100% stöðugildi bera ábyrgð á málörvunarmálum og halda utan um skipulag og framkvæmd málörvunar í leikskólanum. Kennararnir sinna bæði einstaklings- og hópastarfi með börnum eftir þörfum, ýmist með markvissum málörvunartímum utan deilda eða með virkri þátttöku í daglegu starfi innan deilda. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að því að málörvun verði eðlilegur og sýnilegur þáttur í öllu starfi leikskólans. Jafnframt miðla kennararnir þekkingu, ráðgjöf og fræðslu til samstarfsfólks með það að markmiði að efla faglegt starf og styrkja málörvandi umhverfi leikskólans. Málörvunarkennararnir munu einnig eiga sæti í teymi sem vinnur að gerð og þróun móttökuhandbókar leikskólans ásamt leikskólastjóra. Markmið handbókarinnar er að stuðla að samræmdum og faglegum vinnubrögðum við móttöku nýrra barna og fjölskyldna þeirra.

Innra mat leikskólans verður eitt af meginverkefnum skólaársins. Áhersla verður lögð á að byggja upp markvisst og reglubundið innra matsferli sem verður hluti af daglegri starfsemi leikskólans og stuðlar að stöðugri þróun og eflingu skólastarfsins. Leikskólinn mun leita eftir stuðningi og ráðgjöf frá leikskóladeild Kópavogsbæjar við uppbyggingu matsins með það að markmiði að tryggja fagleg vinnubrögð, skýra verkferla og markvissa innleiðingu. Innra matið verður nýtt til að greina styrkleika starfsins, umbótatækifæri og styðja við áframhaldandi þróun gæðastarfs leikskólans.

Á skólaárinu verður aðlögunaráætlun leikskólans endurskoðuð með það að markmiði að styrkja móttöku nýrra barna og fjölskyldna þeirra. Við endurskoðunina verður horft til reynslu starfsfólks, þarfa barna og þeirra áherslna sem fram koma í móttökuhandbók leikskólans. Markmiðið er að tryggja að aðlögunarferlið sé skipulagt, sveigjanlegt og styðji við öryggi, vellíðan og farsæla þátttöku barna í leikskólastarfinu frá fyrsta degi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

8. Foreldrasamstarf

Lögð er rík áhersla á gott og virkt samstarf milli heimilis og leikskóla. Þegar barn hefur leikskólagöngu er fyrsta skrefið að foreldrar séu boðaðir í viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra. Þar er lagður grundvöllur að traustu og opnu samstarfi til framtíðar. Foreldrar fá boð um að heimsækja leikskólann, yfirleitt 2–3 sinnum á ári. Auk þess eru þeir alltaf velkomnir í samráði við kennara, ef óskað er eftir að koma inn á deild eða ræða málefni tengd barninu. Leikskólinn leitast við að mæta þörfum foreldra fyrir upplýsingar um líf barnsins í leikskólanum, eftir því sem aðstæður og mannafli leyfir hverju sinni. Við viljum gera foreldrum auðveldara að taka virkan þátt í starfi leikskólans og bjóðum því upp á fjölbreyttar tímasetningar fyrir viðburði á borð við kynningarfundi og vorhátíð ýmist að morgni eða síðdegis svo sem flestir geti tekið þátt.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann í samræmi við lög um leikskóla. Hlutverk þess er að styðja við starf leikskólans og stuðla að góðu samstarfi milli foreldra og starfsfólks. Starfsreglur ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.

Í upphafi hvers skólaárs er kosið í foreldraráð. Fundir eru haldnir að lágmarki einu sinni á önn, og oftar ef þörf krefur. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins ár hvert. Tilkynt er um kosningu með tölvupósti til foreldra.

Fulltrúar í foreldraráði skólaárið 2026 - 2027

- Sigrún Edda Jónsdóttir , foreldri á Steinholti
- Emilía Jóhannsdóttir , foreldri á Steinholti
- Heiðdís Geirsdóttir, foreldri á Lyngholti

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við leikskólann og tekur stjórn þess virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða á vegum skólans. Stjórnin fundar nokkrum sinnum á skólaárinu, að hluta til í leikskólanum en að mestu leyti í gegnum netmiðla. Foreldrasjóðurinn er í umsjá stjórnar foreldrafélagsins og er nýttur til að greiða kostnað sem tengist viðburðum, gjöfum eða öðru sem stjórn félagsins ákveður.

Tengiliður leikskólans við foreldrafélagið er aðstoðarleikskólastjóri.

Á aðalfundi foreldrafélagsins, sem haldinn er í upphafi hvers skólaárs, er kosið í stjórn félagsins. Kosningin er kynnt öllum foreldrum með tölvupósti.

Fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024 - 2025

- Hugrún Jónsdóttir – Gjaldkeri, foreldri á Steinholti
- Guðrún Elsa Tryggvadóttir – Meðstjórnandi, foreldri á Álfholti
- Ingunn Unnsteinsdóttir - Meðstjórnandi, foreldri á Steinholti
- Bergdís Geirsdóttir – Tengiliður leikskóla, aðstoðarleikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

9. Starfsfólk

Í Kópasteini er gert ráð fyrir 15 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 85% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 2 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 7,12 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Starfsmannahópurinn samanstendur af: Leikskólakennarar eru 12, önnur háskólamenntun eru 7, leiðbeinendur eru 14 og eldhússtafsmenn eru tveir.

Síðasta starfsár voru 13,76 stöðugildi á deildum, 100% staða leikskólastjóra, 85% stjórnunarstaða aðstoðarleikskólastjóra, 50% staða sérkennslustjóra, 2 stöðugildi í eldhúsi. Að auki voru 9,09 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Töluverð breyting er á stafsmannahópnum í ár og því munum við nota skipulagsdagana til að uppfræða um okkar starf, fræðslu um réttindaskólaverkefnið og til hópeflingar.

1. Mánudaginn 14. september- er fyrirhugað slysavarnarnámskeið ásamt deildar- og starfsmannafundum.
2. Miðvikudaginn 11. nóvember – er fyrirhugað að hafa sameiginlegan fræðsludag á vegum leikskóladeildar. Ásamt deildar- og starfsmannafundum.
3. Föstudagurinn 15. janúar – er fyrirhugað að hafa fyrirlestur um leik barna. Ásamt deildar- og starfsmannafundum.
4. Þriðjudaginn 9. mars – er fyrirhugað að stjórnendur hafi fræðslu um ýmis málefni sem tengjast daglegu lífi leikskólans og starfsháttum ásamt deildar- og starfsmannafundum.
5. Föstudaginn 7. maí – er fyrirhugað að fara í námsferð erlendis.
6. Miðvikudagurinn 5. maí er fyrirhugað að sækja um sem sjötta skipulagsdaginn sem verður samnýttur með 7. maí vegna námsferðar. Búið er að fá leyfi frá foreldraráði en önnur skipulagning er í vinnslu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

11. Aðrar upplýsingar

Á komandi skólaári verða 98 nemendur í Kópasteini. Í árgangi 2021 eru 34 nemendur, í árgangi 2022 eru17 nemendur, í árgangi 2023 eru 22 nemendur, í árgangi 2024 eru 17 nemendur og í árgangi 2025 eru 8 nemendur. Þrjátíu og níu nemendur eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem eru 40% nemenda. Þrjátíu og þrír nemendur eru með dvalartímann 6 stundir og tuttugu og þrír eru með dvalartímann 8 stundir, eitt barn er skráð í 9 stundir. Í ár eru 2,5 % stöðugildi vegna sérkennslu sem er töluvert minna en óskað var eftir.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

Send var beiðni um að láta skipta um innihurðir í Litla – Steini þar sem ekki eru gluggar á hurðunum sem er óásættanlegt í leikskólastarfi. Settir voru gluggar í allar hurðir sem óskað var eftir bæði í Litla – Steini og Kópastein. Einnig var send ósk um að fá aðstoð við að kaupa gardínur í nýju gluggana og til að endurnýja búnað í Litla – Steini. Ekki hefur verið orðið við þessari beiðni og skólann hefur kostað gardínur og endurnýjun búnaðar sem hægt er.

Einnig er búið að setja snjóvarnir á þakið á Litla – Steini. Byrjað er að skipta út gólfdúk á kaffistofu starfsfólks sem er í bið vegna raka.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Útileiksvæði á Kópasteini er ábótavant og nauðsynlegt að hefja framkvæmdir á lóðinni.
Skipta þarf út gólfdúk á ýmsum stöðum í húsinu.
Mála innan dyra.

13. Öryggismál

Í leikskólanum starfa bæði öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þessara ráða er að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi fyrir börn og starfsfólk og koma í veg fyrir heilsutjón og sálræn áföll.

Öryggisnefnd leikskólans sinnir eftirfylgni með öryggi á vinnustaðnum og aðstoðar við að tryggja forvarnir gegn slysum og áföllum.

Fulltrúar í öryggisnefnd:

- **Öryggistrúnaðarmaður:** Rannveig Hlín Jóhannesdóttir, deildarstjóri
- **Öryggisvörður:** Bergdís Geirsdóttir, aðstoðar leikskólastjóri
- **Fulltrúi frá Litla – Steini:** v*antar að tilnefna*

Áfallaráð kemur að málum sem geta haft áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks, svo sem slys, alvarleg veikindi, sorg eða einelti.

Meðlimir áfallaráðs:

- Margrét Lárusdóttir, leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Bergdís Geirsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri
- Margrét Hlín Sigurðardóttir, sérkennslustjóri
- Birna Kristinsdóttir, deildarstjóri Hulduholt

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.
Skólaárið 2025 - 2026
Heildarfjöldi skráðra atvika: 7

- Alvarleg atvik barna: Engin
- Staðsetning atvika:
    - Innandyra: 2
    - Utandyra: 5
- Atvik sem snúa að starfsfólki: 2

Dæmi um atvik starfsfólks:

- Einn starfsmaður ökklabrotnaði á leið til vinnu í hálku
- Einn starfsmaður skar sig illa á pappírsskera.

Stjórnendur telja mikilvægt að bregðast við þessum atvikum með markvissri fræðslu um öryggismál, bæði til að fyrirbyggja frekari slys og styrkja öryggisvitund starfsfólks.

14. Lokaorð

(Tilgreina áherslur og umbætur í leikskólastarfinu í stuttu máli sem unnið verður að á komandi starfsári).

Á komandi skólaári verður áhersla á aukna vinnu með málrækt og íslensku sem tungumál, bæði verður aukin fræðsla fyrir stafsfólk sem og að leggja meiri áherslu á málörvun og málnotkun í almennu starfi á deildum. Einnig er innleiðing á réttindaskólaverkefninu komið í góðan farveg.

Á komandi skólaári verður unnið að velferð bana og starfsfólks eins og ávallt. Stjórnendateymi skólans fer bjartsýnt inn í nýtt skólaár með vonir um að börn og starfsfólk þroskist og læri saman.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Innra mat og matsteymi	Á að vera samkvæmt lögum um leikskóla	Stjórnendur kynni sér hvernig unnið er í öðrum skólum og setja af stað matsteymi og byrja vinnuna.	2026/2027	Leikskólastjóri	Setja á stofn matsteymi og byrja að vinnuna.	Ekki hafið
Hæfnirammar	Stefnumótun leikskólans og sveitafélags.	Skrá færni barna í hæfnirammana á öllum deildum.	Vor 2027	Stjórnendateymi	Hæfnirammar verði notaðir á öllum deildum.	Búið að fá kynningu frá Kópahvoli.
Þjálfun á nýju fólki	Kom fram í könnun lagða fyrir starfsfólk.	Búa til móttöku áætlun.	2026/2027	Skólastjórnendur	Móttökuhandbók	Ekki hafið.
Læsis- og málstefna	Stefnumótun leikskólans og sveitafélags.	Skrá og innleiða málstefnu.	Vor 2027	Stjórnendateymi	Skrifleg og sýnileg mál- læsisstefna.	Búið að fá kynningu og móta málstefnu.
Kerruskýli	Kom fram í könnun sem var lögð fyrir foreldra.	Sena beiðni til garðyrkjustjóra.	2026/2027	Skólastjórnendur	Kerruskýli	Búið að koma hugmyndinni á framfæri en þykir ekki góð
Matseðill	Kom fram í foreldrakönnun óánægja með matseðilinn	Yfirfara og útbúa betri matseðla	2026/2027	Matráður og leikskólastjóri	Hollir matseðlar sem eru á 6 vikna áætlun	Ekki hafið.
Skólanámskrá	Samkvæmt lögum um leikskóla.	Unnið verður að endurskoðun skólanámsskráar.	Sumar 2026	Leikskólastjóri	Ný skólanámskrá	Búið er að fá athugasemdir frá öllu starfsfólki um grunnþætti menntunar í skólanámskrá.
				S		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	3X yfir skólaárið	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri /aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Slysavarnarnámskeið	14.09 2026	4 tímar	68.000 kr	Aðstoðarleikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	Klst .hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	09.03 2026	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk sem stuðningur	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengt starfinu	2x í mánuði	Klst. hvert skipti	Unnið í vinnutíma.	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Deildarstjórar	Deildarstjórafundir með öllum leikskólum í Kópavogi	Fræðsla frá leikskóladeild	1X mánuði	2 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskóladeild og leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal026 - 2027

Leikskóladagatal 2026 - 2027
Leikskólinn Kópasteinn

Leikskólinn lokaður
Þáttaka forráðarmanna
Ertu með allt í dag

*Með fyrirvar um samþykkt frá Leikskólanefnd

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M	Læsisvikur	2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F			
3	M	Frídagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L			
4	Þ	Sumarlokun	4	F		4	S		4	M		4	F	Kópasteinn 62 ára	4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S			
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F	Dagur leikskólans Foreldrakaffi	5	F		5	M		5	M	Skipulagsdagur*	5	L		5	M			
6	F		6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Leikskóli lokar 13:00		
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F	Skiuplagsdagur	7	M	Utskriftaferð þessa viku	7	M	Sumarlokun		
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun		
9	S		9	M		9	F		9	M	Læsisvikur	9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarlokun		
10	M		10	F		10	L		10	Þ	Rökkurmorgun	10	F	Söngstund í kirkjunni	10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F		10	L			
11	Þ		11	F		11	S		11	M	Skipulagsdagur	11	F		11	M		11	F		11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S			
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarlokun		
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun		
14	F		14	M	Skipulagsdagur	14	M	Foreldrafundur	14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun		
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ	Heimsókn í garðinn	15	F	Skipulagsdagur	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun		
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun		
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L			
18	Þ		18	F		18	S		18	M		18	F	Jólaball	18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S			
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F	Flæði	19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun		
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F	Opið hús - Vorhátíð	20	S		20	Þ	Sumarlokun		
21	F		21	M		21	M	Flæði	21	L		21	M	Gömlu jólasveinarnir	21	F		21	S	Konudagur	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun		
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur Þorrablót	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	Sumarlokun		
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun		
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	L		24	F			
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F	Flæði	25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S			
26	M		26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarlokun		
27	F		27	S		27	Þ	Bangsa og náttfatadagur	27	F	Flæði	27	S		27	M	Flæði	27	L		27	L		27	Þ		27	F	Flæði	27	S		27	Þ	Sumarlokun		
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M	Flæði	28	F	Útskrift	28	M		28	M	Sumarlokun		
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F							29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarlokun		
30	S		30	M	Flæði	30	F	Hrekkjavaka	30	M		30	M	Skráningardagar	30	L							30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun		
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S							31	M					31	M					31	L			

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (*þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar*)

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
  - markmiðum, áherslum og leiðum?
  - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
  - hvernig starfsemin fléttast áhersluþáttum leikskólans?
  - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
    - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
  - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?
- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026